



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

24. júní 2016

Mál nr. S-369/2016:
Ákærandi: Héraðssaksóknari
(*Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari*)

Ákærði: Y[]
(*Helgi Jóhannesson hrl.*)

Dómari: Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 2016 í máli nr. S-369/2016:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

Y

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 14. júní 2016, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, úttefnni 9. maí 2016, á hendur X, kt. [...], með dvalarstað í fangelsinu Litla-Hrauni, fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 6. mars 2016, utandyra við [...] í Reykjavík, stungið X, kt. [...], með hnífi hægra megin í bakið við lifrarstað en hnífurinn fór hliðlægt í lifrina og orsakaði slagæðablæðingu þar, auk þess sem X fékk loftbrjóst.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu X er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 4.274.303 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 6. mars 2016 til 18. maí 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af ákæru um brot gegn 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, og að háttsemin verði færð til 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Þá er þess krafist að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa, og jafnframt að refsing verði færð niður úr lögbundnu refsilágmarki með vísan til 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, verði háttsemin talin varða við 211. gr. sbr. 20. gr. laganna, en að öðru leyti með vísan til 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga. Þá er krafist lækkunar bótakröfu í málinu. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Aðfaranótt sunnudagsins 6. mars 2016, klukkan 1:02, barst lögreglu tilkynning um að maður væri meðvitundarlaus og blóðugur við [...] í Reykjavík, en þar eru stúdentagarðar. Í tilkynningunni kom fram að maðurinn hefði líklega hlotið áverka eftir hnífstungu. Þegar lögreglumenn komu á vettvang tveimur mínútum síðar lá brotþoli, X, á gólfi í anddyri hússins að [...] og voru vitnin D og B að hlúa að honum. X var þá meðvitundarlaus, mikið blóð var í kringum hann og húðlitur hans fögur. Hann reyndist vera með stungusár neðan við hægra herðablað. Sjúkralið kom á vettvang og var X fluttur á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Rætt var við D og B á vettvangi og kváðust þau hafa verið í íbúð sinni á 4. hæð að [...] og hefðu þau fylgst með út um glugga þar sem brotþoli og ákærði hefðu átt í erjum austan megin við bygginguna. Þeir hefðu hringsólað í kringum bifreið sem lagt var á bifreiðastæði við húsið og hefði virst sem brotþoli hefði verið að elta ákærða. Hefði ákærði jafnframt haft á orði að brotþoli hefði skallað hann. Þau hefðu síðan orðið þess vör að blóðblettur var á peysubaki brotþola og kallað til hans að honum blæddi. Þau hefðu síðan hraðað sér niður, tekið á móti brotþola í anddyri hússins og hringt á Neyðarlínuna. Þá gaf S sig fram við lögreglu á vettvangi og lýsti atvikum með svipuðum hætti, en hann kvaðst hafa fylgst með úr íbúð sinni á 3. hæð hússins að Sæmundargötu 16.

Lögreglumenn fóru að [...], en þar var ákærði búsettur. Var hann handtekinn í anddyri hússins klukkan 1:17. Í skýrslu lögreglu kemur fram að hann hafi þá verið íklæddur úlpu með loðkraga, sem blóð hafi verið á. Þá hafi hann verið bólginn á vinstra kinnbeini. Í úlpuvasa fannst brúnt hnífsskefti en hnífsblaðið var ekki lengur á skeftinu. Ákærði kvaðst hafa slegist við brotþola og stungið hann með hnífnum. Eftir hnífstunguna hefði hann „panikerað“ og hlaupið á brott í átt að [...], þar sem hann hefði brotið hnífsblaðið af skeftinu og fleygt því í ruslatunnu. Hann vísaði á hnífsblaðið í öskutunnu við hús við þá götu. Á leið á lögreglustöð tjáði ákærði lögreglumönnum að hann hefði slegist við brotþola og stungið hann vegna ljósmynda sem brotþoli hefði tekið af kærustu hans og sent vinum þeirra. Sagðist hann vera bólginn í andliti eftir hnefahögg frá brotþola.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun sem ákærði gekkst undir klukkan 3:05 kemur fram að hann hafi verið með mar á vinstra kinnbeini og þar hafi verið kúla, um 2 x 2 cm, og bláleitt mar undir vinstra auga. Þá var hann með skrámu utanvert á hægri lófa. Ljósmyndir af áverkum fylgja skýrslunni. Tekin voru blóð- og

þvagsýni úr ákærða við skoðunina til alkóhólmælingar og lyfjaleitar. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsettri 4. maí 2016, mældist magn alkóhóls 2,26‰ í þvagi, en 1,55‰ í blóði. Lyf og ólögleg ávana- og fíkniefni mældust ekki.

Samkvæmt vottorði Helga Kjartans Sigurðssonar skurðlæknis, dagsettu 4. apríl 2016, var brotaþoli með óstöðug lífsmörk við komu á bráðamóttöku og bar öll merki þess að vera með innvortis blæðingu. Brotaþoli hafi verið með skerta meðvitund og lágan blóðþrýsting. Við barkaþræðingu hafi blóðþrýstingur fallið frekar og hafi brotaþoli þá verið fluttur beint á skurðstofu, án þess að röntgenrannsókn hefði farið fram. Ekki hafi gefist tími til að þrífa hann eða undirbúa á hefðbundinn hátt fyrir skurðaðgerðina. Gerður hafi verið miðlínuskurður á kvið og hafi þar verið um tveir og hálfur lítri af blóði. Komið hefði í ljós hnífsstunga í gegnum fleiðruna hægra megin inn í kvið og hliðlægt í lifrina. Rifan hafi verið um tveir cm að lengd, með virkri slagæðablæðingu. Þegar ljóst hafi verið að hnífsstungan hefði náð djúpt í lifrina og ólíklegt að hægt væri að stöðva blæðinguna frá yfirborði lifrar hafi brotaþoli verið fluttur á æðaþræðingarstofu á röntgendeild. Við æðaþræðingu hafi sést virk blæðing frá slagæð, sem náðst hefði að stöðva með töppum í æðinni. Eftir þetta hafi ástand brotaþola verið stöðugra og hafi hann verið fluttur á gjörgæsludeild. Tölvusneiðmynd sem tekin var síðar um daginn hefði sýnt áfram virka blæðingu. Því hefði önnur æðaþræðing farið fram síðdegis og með henni tekist að loka fyrir blæðingar. Brotaþoli hafi legið á gjörgæsludeild frá 6. til 23. mars. Hann hafi jafnframt verið í öndunarvél, með litlum hléum, frá 6. til 19. mars. Hann hafi fengið háan hita á gjörgæsludeild og önnur merki sýkingar og fengið sýklalyf við því. Hann hafi síðan jafnað sig á almennri deild og verið útskrifaður af sjúkrahúsinu 31. mars. Þá kemur fram að brotaþoli hafi hlotið loftbrjóst af stungunni, en virðist ekki hafa hlotið varanlegan skaða á lunga. Hann hafi hlotið nýrnaskaða, sem virðist hafa gengið til baka. Gera megi ráð fyrir að áverkni á lifur jafni sig á næstu mánuðum eða árum. Varanlegur skaði verði tæpast á líffærum kviðarhols. Í vottorðinu kemur fram að líf brotaþola hafi staðið mjög tæpt. Hafi líf hans hangið á bláþræði og lán verið að skurðstofuteymi var á sjúkrahúsinu við komu hans þangað, en teymið var þar stutt til að undirbúa aðgerð sem fyrirhuguð var síðar um nóttina vegna líffæraflutninga.

Í vottorði skurðlæknisins frá 13. maí sl., vegna fyrirspurnar héraðssaksóknara um lengd á hnífi, kemur fram að með tölvusneiðmyndum af lifur megi mæla lengd frá dýpsta áverka að yfirborði og hafi fjarlægðin reynst vera 12,5 cm.

Meðal gagna málsins er skýrsla tæknideildar lögreglu, dagsett 11. mars 2016, um rannsókn á hnífsblaði og hnífsskefti, sem lögregla lagði hald á umrætt sinn. Kemur þar fram að blaðið mælist um 81 mm að lengd og 18 mm að breidd þar sem það er breiðast. Við hjöltin sé plastið brotið öðrum megin og sjáist aðeins í þann hluta blaðsins sem steypur er í skeftið. Hægt hafi verið að leggja hnífsblaðið þannig að skeftinu við hjöltin að blaðið féll að skeftinu í brotinu og skorðaðist þar. Því megi ætla að hnífsblaðið hafi verið á þessu hnífsskefti. Tekið hafi verið stroksýni af kámi á blaðinu, sem ætla megi að hafi verið blóð. Í skýrslu tæknideildar, dagsettri 9. maí sl., kemur fram að munirnir hafi verið rannsakaðir að nýju að beiðni héraðssaksóknara, og hafi nánari skoðun á brotsárum leitt í ljós að líklegt sé að hluta af hnífsblaðinu vanti. Vera megi að hnífsblaðið sem haldlagt var hafi verið á hnífsskeftinu en ekki sé unnt að slá því föstu nema sá hluti blaðsins sem vantar finnist.

Í málinu liggur fyrir yfirlit um notkun farsíma ákærða kvöldið og nóttina sem um ræðir. Kemur þar m.a. fram að klukkan 23:58 og 00:04 voru send skilaboð úr símanum til félaga ákærða þar sem spurst var fyrir um myndasendingar frá brotaþola. Klukkan 00:44 er skráð símtal þar sem móttakandi er skráður P og barst símtal frá P klukkan 00:48. Við rannsókn á síma brotaþola fundust eftirfarandi skilaboð, send til ákærða þessa nótt klukkan 00:44: „Það er allt í lagi ef þú ert með minnimáttarkennd.“ Klukkan 00:49 bárust skilaboð úr síma ákærða þar sem m.a. sagði: „X þú ert midheppnaður ... Það vita það allir ...“. Þá bárust skilaboð úr síma ákærða klukkan 1:04, svohljóðandi: „status?“. Á yfirliti um notkun farsíma ákærða kemur fram að klukkan 1:00 hafi verið hringt í síma brotaþola. Tvö símtöl bárust úr síma kærustu ákærða klukkan 1:01 og 1:02, auk þess sem skilaboð voru send klukkan 1:03 þar sem spurt var hvað væri eiginlega í gangi. Klukkan 1:02 var hringt úr síma ákærða í síma brotaþola. Klukkan 1:07 sést að greitt er fyrir áfyllingu á síma ákærða. Eftir það eru skráðar þrjár símhringingar til brotaþola klukkan 1:08 og 1:10. Klukkan 1:12 áttu sér síðan stað samskipti á milli síma ákærða og A. Ekki þykja efni til þess að rekja símagögn frekar.

Þá liggur fyrir í málinu ljósmynd með texta úr síma brotaþola, tekin að kvöldi 5. mars klukkan 22:10, sem gögn málsins bera með sér að hafi verið send úr símanum. Á myndinni sjást tvær stúlkur sem snúa baki við þeim sem myndina tekur, en samkvæmt gögnum málsins er um að ræða kærustu ákærða og vinkonu hennar þar sem þær voru staddar í umræddu samkvæmi.

Loks liggja fyrir ljósmyndir af skilaboðum sem fundust í síma ákærða frá P, og bárust klukkan 2:24 þessa nótt, m.a. svohljóðandi: „En þú hringdir í mig og baðst mig um að fá lánað hnúajárn í þeim tilgangi að drepa X.“

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar málsins.

Ákærði kvaðst hafa haldið samkvæmi í íbúð sinni að Sæmundargötu 18 þetta kvöld og hefði hann boðið nokkrum félögum sínum, þ. á m. X, en auk þeirra hefðu kærasta ákærða og vinkona hennar verið á staðnum. Þau hefðu verið að drekka og hlusta á tónlist og smátt og smátt hefðu gestirnir farið að týnast út. Að lokum hefðu þau verið orðin fjögur eftir, ákærði, X, kærasta ákærða og vinkona hennar. Stúlkurnar hefðu farið að tygja sig af stað í annað samkvæmi og hefði staðið til að þeir færu með, en ekki hafi orðið af því þar sem vinur þeirra A og kærasta hans hefðu ætlað að koma til þeirra. Eftir að stúlkurnar höfðu yfirgefið íbúðina kvaðst ákærði hafa orðið þess áskynja að X hefði tekið mynd af kærustu hans á síma sinn þar sem hún beygði sig fram til að klæða sig í skóna og hefði hann sett myndina á „snap-chat“ með óviðeigandi áletrun. Hann kvað það þá hafa runnið upp fyrir sér að hann hefði séð X taka myndir af stúlkunum þar sem þær stóðu í eldhúsinu og voru að laga sér drykki fyrir um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ósáttur við þetta og hefðu þeir X farið að rökræða málið, en X hefði ekki viljað skilja að þetta væri neitt mál. Um þetta leyti hefðu A og kærasta hans komið, en þau hefðu ekki staldrað lengi við. Eftir að þeir X voru orðnir einir aftur hefði ágreiningurinn stigmagnast. X hefði kallað ákærða nörd, lúða og eineltisbarn, sem honum hefði sárnað mjög. Ákærði kvaðst hafa svarað fyrir sig og sagt við X að hann væri misheppnaður og eftirbátur systra sinna. X hefði reiðst þessu og farið að hóta honum ofbeldi. Þeir hefðu farið að ýta hvor við öðrum og hefði hann loks rekið X út. Ákærði kvaðst þá hafa hringt í P vin þeirra, sem hefði verið í samkvæminu fyrir um kvöldið, og farið að tala um hnúajárn við hann. Þá hefði X komið aftur til að sækja einhverja muni, sem hann vissi ekki hverjir voru. X hefði enn verið með leiðindi, talað um að ákærði væri með minnimáttarkennd og kallað hann eineltisbarn, lúða og aumingja, áður en hann yfirgaf íbúðina. Á þessu tímamarki kvað ákærði kærustu sína hafa verið að hringja í hann, þar sem staðið hefði til að hann hitti hana niðri í bæ. Hann kvaðst hafa ákveðið að fara að hitta hana og klætt sig í úlpu. Þar sem X hefði viðhaft ofbeldistal og verið ógnandi hefði hann tekið hnífinn með sér til öryggis, ef X biði eftir honum fyrir utan og ætlaði að ráðast að honum. Ákærði kvaðst

hafa rölt út að bifreið sinni, sem hefði verið lagt á malarplani hinum megin við Sæmundargötu, en hann hefði ætlað að sækja hanska í bifreiðina og skilja hnífinn þar eftir. Þá hefði X komið askvaðandi og enn verið reiður og ógnandi. X hefði krafist þess að komast aftur upp í íbúðina og talað um að hann þyrfti að sækja rafsígarettuna sína, sem þar væri. Ákærði kvaðst hafa neitað honum um það, en við það hefði X snöggreiðst og hefði hann skallað ákærða og kýlt hann í andlitið. Ákærði kvaðst hafa hörfað frá við þetta og hefði X þá ætlað að kýla hann aftur. Hann hefði tekið mikinn sveig þegar hann sló til ákærða, sem hefði náð að víkja sér undan svo að höggið geigaði. Við þetta hefði X fallið við og ákærði stungið hann í bakið með hnífnum. X hefði risið strax á fætur og ráðist á ákærða. Hann kvaðst hafa hörfað frá og farið á bak við bifreið hinum megin við götuna. Þá hefði hann heyrt í fólki sem kallaði til þeirra og hefði hann þá tekið eftir blóðbletti á baki X. Hann kvaðst hafa bent X á þetta, en síðan „panikkerað“ og hlaupið á brott, upp frá stúdentagörðunum. Hann hefði brotið hnífsblaðið frá skaftinu og hent blaðinu í öskutunnu. Síðan hefði hann sent X skilaboð á Facebook og spurt um „status“. Hann hefði reynt að hringja í X en ekki átt inneign í símanum og því hlaupið upp í íbúð sín og gengið frá inneign í tölvunni sinni. Hann hefði haldið áfram að reyna að hringja í X, sem ekki hefði svarað. Á þessu tímamarki kvaðst ákærði hafa séð út um gluggann að lögreglumenn voru komnir á vettvang og hefði hann farið niður og gefið sig fram við þá.

Ákærði lýsti því nánar hvernig X hefði snúið við honum þegar hann stakk hann með hnífnum. Hann kvað X hafa verið nýbúinn að reyna að kýla sig og sett afl í höggið, en höggið hefði geigað. Þeir hefðu þá staðið á ská á móti hvor öðrum og bakið á X verið til hliðar við hann. Ákærði kvað einhverja sjálfsbjargarviðleitni hafa „kikkað inn“ þarna og hefði hann beitt hnífnum. Hann kvaðst hafa verið með hnífinn í úlpuvasanum, en hann hefði gripið til hans eftir að X sló hann og skallaði. Sérstaklega spurður kvað hann sig ekki minnast þess að þeir X hefðu setið saman í bifreið á malarplaninu áður en þetta gerðist.

Ákærði kvaðst telja að hnífsblaðið hefði verið um 10 til 15 cm að lengd, en kannaðist við að hafa játað því við yfirheyrslu hjá lögreglu að það hefði getað verið 15 til 20 cm langt. Ákærði bar jafnframt um það við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa tvíbrotið hnífsblaðið og hent brotunum hvoru í sína áttina, en fyrir dóminum kvaðst hann ekki muna þetta vel.

X kvað þá ákærða hafa verið orðna eina eftir í íbúðinni um miðnætti þegar A vinur þeirra og kærasta hans komu þangað. Hann hefði þá tekið eftir því að ákærði var

eitthvað ósáttur, en hann hefði verið að bera undir þau myndina sem X hafði tekið af kærustu hans og vinkonu hennar. X kvað enga alvöru hafa verið að baki þessari myndatöku og skilaboðum sem hann hefði ritað við myndsendinguna. Þetta hefði verið grín. A og kærasta hans hefðu yfirgefið íbúðina skömmu síðar, en ákærði hefði orðið æ reiðari. X kvaðst hafa sagt við hann að hann skildi ekki af hverju hann léti svona og spurt hvort það stafaði af einhverju óöryggi. Ákærði hefði brugðist illa við þessu og rekið hann út. X kvaðst hafa farið út og sent ákærða skilaboð á Facebook, en skjáskot af þeim liggur fyrir í málinu, sem að framan greinir. Hann hefði síðan uppgötvað að hann hefði gleymt rafsígarettunni sinni í íbúðinni, snúið við og bankað upp á hjá ákærða. X kvaðst ekki muna betur en að þeir hefðu sæst þarna. Þeir hefðu farið út saman, en hann kvaðst ekki muna vel það sem gerðist eftir það. Hann kvaðst þó muna eftir því að þeir hefðu setið saman í bifreið hans og hefði hann verið að sýna ákærða gamla mynd í símanum sínum. Um hefði verið að ræða mynd með skilaboðum sem ákærði hefði einhvern tíma sent félaganum þeirra og hefði hann verið að sýna ákærða þetta til marks um að hann færi oft yfir strikið þegar hann væri drukkinn. Skjáskot af myndinni liggur fyrir í málinu og kemur þar fram að hún hafi verið opnuð í símanum klukkan 00:45. X kvað ákærða hafa brugðist mjög illa við þessu. Hann kvað sér finnast að ákærði hefði stokkið út úr bifreiðinni, en hann myndi ekki hvað gerðist eftir það. Hann hafnaði því að hafa hótað ákærða ofbeldi þetta kvöld og kvaðst ekki muna eftir átökum þeirra á milli. Þá hafnaði hann því að hafa skallað ákærða í andlitið. Hann kvað minningunni um það sem gerst hefði í bifreiðinni hafa skotið upp í höfði sér er hann fékk símann sinn afhentan frá lögreglu og opnaði hann. Þá hefði hann séð þessa mynd og tímasetninguna á henni.

D og *B* voru stödd í íbúð sinni á 4. hæð að Sæmundargötu 16 þegar þau urðu vör við ákærða og *X* þar sem þeir voru að rífast utan við húsið. *D* kvaðst hafa séð þá hringsóla í kringum bifreið beint fyrir neðan íbúð þeirra, og hefði ákærði hörfað undan *X*. Hún kvað sig minna að ákærði hefði ásakað *X* um að hafa skallað sig, en *X* hefði svarað: „Ertu ruglaður?“ Þeir hefðu horfið úr sjónmáli undir húsveggnum stutta stund, en þegar hún sá til þeirra aftur hefði hún tekið eftir rauðum bletti á peysubaki *X* og áttað sig á því að þetta var blóð. Þau hefðu kallað til *X* og hraðað sér niður í anddyri til að aðstoða hann. *B* lýsti atvikum með svipuðum hætti. Hann kvaðst telja að *X* hefði verið að elta ákærða í kringum bifreiðina og hefði ákærði hörfað. Þá kvaðst hann muna að annar þeirra sagði við hinn: „Þú skallaðir mig“, en vísaði nánar um það til

lögregluskýrslu sinnar, en af lýsingu hans þar verður ráðið að það hefði verið ákærði sem þetta sagði.

S kvaðst hafa verið í íbúð sinni á 3. hæð að Sæmundargötu 16 þegar hann heyrði háreysti fyrir utan. Þegar hann leit út hefði hann séð tvo menn sem virtust vera að rífast og hefði annar elt hinn tvo eða þrjá hringi í kringum bifreið framan við húsið. Sá sem var að flýja hefði hrópað: „Þú skallaðir mig“, eins og í afsökunartón. Síðan hefðu þeir farið að fljúgast á á gangstéttinni framan við húsið og hefðu hnefahögg gengið á milli. Þegar þá skildi að hefði brotaþoli virst eitthvað „sloj“ og kvaðst vitnið þá hafa tekið eftir blettinum á baki hans.

A og C komu í íbúð ákærða eftir að þeir X voru orðnir þar einir þetta kvöld. A kvað allt hafa virst vera í lagi þegar þau komu, en skömmu síðar hefðu byrjað smá erjur á milli ákærða og X og hefði ákærði virst ósáttur. Þau hefðu dvalið í íbúðinni í um hálf tíma, en síðan farið heim til vitnisins á [...]. Um klukkustund síðar kvaðst vitnið hafa fengið símtal frá ákærða. Hefði ákærði sagst vera hræddur við X, sem hefði ráðist á hann og kvaðst hann hafa stungið hann. Ákærði hefði verið í uppnámi, grátandi og ekki sjálfum sér líkur. Vitnið kvaðst hafa talið að þetta væri grín, en lagt af stað yfir til þeirra og komið að þar sem verið var að leiða ákærða inn í lögreglubifreið. C taldi þau A hafa dvalið í 10 til 15 mínútur í íbúðinni og hefðu ákærði og X verið að rökræða. Það hefði verið pirringur út af einhverri mynd, en vitnið kvaðst vita til þess að X hefði verið að taka myndir af kærustu ákærða. Hún kvaðst telja að ákærði hefði hringt í A um hálf tíma eftir að þau yfirgáfu íbúðina.

P kvaðst hafa verið í samkvæminu hjá ákærða þetta kvöld, en yfirgefið það um klukkan 10:30 til að fara í annað samkvæmi. Hann kvað ákærða hafa hringt til sín skömmu eftir miðnætti og sagst ætla að drepa X, en vitnið kvaðst ekki hafa tekið það alvarlega. Ákærði hefði viljað fá lánað hjá honum hnúajárn og kvaðst vitnið hafa spurt hann hvað væri í gangi, en síðan hefði símtalið slitnað. Hann hefði reynt að hringja aftur í ákærða, en þá hefði virst vera á tali. Hann kvaðst hafa sent ákærða skilaboð á Facebook síðar um nóttina, eftir að hann kom heim, og spurt hann úti þetta símtal. Hann kvaðst þó hafa tekið þessu sem „fyllerísröfli“.

Y kvaðst vera vinkona kærustu ákærða og hefðu þær verið að skemmta sér saman þetta kvöld. Hún kvað sér hafa fundist vera skritin stemning á milli ákærða og X. Hefði henni fundist X vera leiðinlegur við ákærða, en hann hefði verið að „skjóta á hann“. Það hefði hins vegar ekkert rifrildi verið í gangi á meðan hún var í samkvæminu.

Þá gáfu skýrslu fyrir dóminum *Helgi Kjartan Sigurðsson* skurðlæknir, *Hilmar Kjartansson*, sérfræðilæknir á bráðamóttöku, og *Kjartan Jónas Kjartansson* geðlæknir, sem gerðu grein fyrir læknisvottorðum sínum, sem liggja fyrir í málinu, og *Árni Gunnar Ragnarssonar* lögreglumaður og rannsóknarlögreglumennirnir *Sigurður Árni Reynisson* og *Guðmundur Tómasson*, sem gerðu grein fyrir aðkomu og aðgerðum á vettvangi og rannsókn málsins að öðru leyti.

Niðurstaða

Með játningu ákærða, sem fær stoð í læknisfræðilegum gögnum og framburði vitna í málinu, er sannað að ákærði hafi stungið X með hnífi í bakið eins og lýst er í ákæru, með þeim afleiðingum sem þar greinir. Í vottorði og vitnisburði Helga Kjartans Sigurðssonar skurðlæknis kom fram að hnífslagið hefði gengið inn í brjósthol brotaþola, niður í kviðarhol og inn í lifur, og hefði áverkinn verið í það minnsta 12,5 cm djúpur. Hefði brotaþoli verið í bráðri lífshættu vegna stunguáverkans og taldi vitnið að skipt hefði sköpum að skurðteymi var statt á sjúkrahúsinu við komu hans þangað. Samkvæmt framangreindu verður að telja að hending hafi ráðið því að ekki fór verr. Gat ákærða ekki dulist að langlíklegast væri að brotaþoli hlyti bana af atlögunni. Verður ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndraps og varðar brot hans við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið hefur verið kom til ósættis á milli ákærða og brotaþola þetta kvöld, sem lyktaði með því að ákærði vísaði brotaþola á dyr. Samkvæmt vitnisburði féлага ákærða, sem hann ræddi við í síma nokkrum mínútum áður en hann yfirgaf íbúðina, hafði hann á orði að hann vildi drepa brotaþola. Ákærði hafði með sér hníf þegar hann fór út og hefur hann gefið þá skýringu á því að hann hafi óttast að verða fyrir árás frá brotaþola. Sýnir þetta hugarástand ákærða, en af gögnum málsins verður ráðið að hann hafi verið mjög ölvaður og í uppnámi á þessu tímamarki. Gögn um símanotkun bera með sér að aðeins u.þ.b 10 mínútur hafi liðið frá því ákærði yfirgaf íbúðina þar til atlagan varð. Ákærði hefur borið að brotaþoli hafi veist að honum á malarplani framan við húsið og veitt honum högg í andlitið með hnefa og höfði og fær sá framburður stoð í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun, sem liggur fyrir í málinu, og framburði vitna um orðaskipti þeirra, sem rakið hefur verið. Jafnvel þótt lagt verði til grundvallar að brotaþoli hafi veist að ákærða að fyrra bragði eins og hann hefur lýst var atлага hans gegn brotaþola ekki í neinu samræmi við þá háttsemi. Með

vísan til alls framangreinds þykja ekki efni til að ákvarða refsingu með hliðsjón af 2. mgr. 20. gr., 4. tölul. 1. mgr. 74. gr. eða 75. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er fæddur árið 1989. Hann hefur ekki áður sætt refsingu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Gæsluvarðhald frá 6. til 9. mars og frá 10. mars sl. kemur til frádráttar refsingu.

Af hálfu X er krafist skaðabóta að fjárhæð 4.274.303 krónur, auk vaxta. Skaðabótakrafan sundurliðast svo:

1. Þjáningabætur	148.280 krónur
2. Bætur vegna tímabundins tekjutaps	70.002 krónur
3. Miskabætur	4.000.000 krónur
4. Útlagður kostnaður	15.200 krónur
5. <u>Tjón vegna skemmda á fatnaði</u>	<u>40.821 króna</u>
	4.274.303 krónur

Ákærði hefur krafist lækkunar miskabóta samkvæmt 3. kröfulið, en samþykkir bótakröfu að öðru leyti. Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem með hliðsjón af hinni lífshættulegu atlögu þykja hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna. Aðrir kröfuliðir eru studdir viðhlítandi gögnum og verða dæmdir eins og þeir eru fram settir. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotapolu skaðabætur að fjárhæð 2.274.303 krónur, auk vaxta, sem í dómsorði greinir.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Helga Jóhannessonar hrl., 1.534.500 krónur, þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Bjarna Haukssonar hrl., 64.480 krónur, þóknun réttargæslumanns brotapola, Hildar Ýrar Viðarsdóttur hdl., 634.260 krónur, og þóknun réttargæslumanns á rannsóknarstigi málsins, Viðars Lúðvíkssonar hrl., 654.720 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði 168.288 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Y, sæti fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni dregst 109 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði X, 2.274.303 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 6. mars 2016 til 19. júní 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Helga Jóhannessonar hrl., 1.534.500 krónur, þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Bjarna Haukssonar hrl., 64.480 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Hildar Ýrar Viðarsdóttur hdl., 634.260 krónur, og þóknun réttargæslumanns á rannsóknarstigi málsins, Viðars Lúðvíkssonar hrl., 654.720 krónur. Ákærði greiði 168.288 krónur í annan sakarkostnað.

Ragnheiður Harðardóttir